



1917
2007

90 ára



*Bandalag kvenna
í Reykjavík*



Það er óþarfi að eldast um aldur fram

Dr. Earl Mindell:

"Hver sem er á að geta haft útlit og liðan fyrir að vera 5-15 árum yngri en hann er."

Líkamlegt þrek, úthald, vær svefn og léttari lund.

Næring fyrir DNA og RNA starfsemi frumanna. Hefur áhrif á teygjanleika og stinnleika líkamans.

Gréta Mörk, hjúkrunarfr. 54 ára: Eftir langvarandi vanliðan prófaði ég Life Extension. Strax á fyrsta glasi leið mér verulega betur. Þrek og lífsþróttur hefur aukist stórum, ég sef betur og þoli miklu meira álag. Er léttari og jákvæðari í skapi og er orðin félagslyndari. Mér finnst ég vera áratugum yngri. Húðin er orðin mýkri, hrukkurnar færri og frískari yfirbragð. Ég mun taka Life Extension inn áfram.

Fæst í apótekum og fríhöfninni.
2 mánaða skammtur · www.celsus.is



HEFUR ÞÚ FARIÐ YFIR ÞENNAN GÁTLISTA UM RÉTTARSTÖÐU ÞÍNA OG ÞINNA?

- Við búskipti vegna andláts maka, skilnaðar eða sambúðarslita?
- Heimild til setu í óskiptu búi eftir maka?
- Erfðarétt og arfshlut sameiginlegra barna og sérbarna ykkar?
- Gert arf til niðja að séreign þeirra?

Ef ekki leitaðu þá ráðgjafar!



Ingibjörg Bjarnardóttir hdl. og sáttamaður.
Tímáttanir, ráðgjöf og fyrirlestrar, upplýsingar
í síma 553 5350 eða netfang logsatt@simnet.is


LÖGSÁTT ehf.

Deloitte.



Pantaðu póstkort frá Grænlandi

 Krabbameinsfélagið

kr. 1.000,-

Marta Guðmundsdóttir greindist með krabbamein í brjósti árið 2005. Marta setti sér skýr markmið og barðist gegn þessum skæða sjúkdómi af hörku og dugnaði. Marta er einstæð móðir og kennari í Grindavík.

Með því að kaupa póstkort á vef Krabbameinsfélagsins www.krabb.is styður þú baráttuna gegn þessum skæða sjúkdómi. Allur ágóði af sölu kortana rennur í rannsóknir á brjóstakrabbameini.

Marta mun setja kortin í póst á Grænlandi þegar hún hefur lokið göngunni sem er samtals um 600 kílómetrar. Nánari upplýsingar um Mörtu og Grænlandsgönguna má finna á vef Krabbameinsfélagsins eða í síma 540-1900.

 Krabbameinsfélagið

EFNISYFIRLIT

Kvennaheimilið Hallveigarstaðir	4
Starfsmenntunarsjóður ungra kvenna.	6
Stutt kynning á tilurð BKR	10
Fjórir fyrrverandi formenn Bandalags kvenna í Reykjavík, sem gengdu störfum 1966–1985 eru látnir	13
Hvers virði eru kvenfélögin?	16
Heimsókn í Dyngjuna	18
Grein um Kvennasmiðjuna desember 2006.	20



Bandalag kvenna í Reykjavík

Hallveigarstöðum · Túngötu 14 · 101 Reykjavík
Sími: 552-6740



Ritnefnd talið frá vinstri:

Sitjandi: Áslaug Brynjólfssdóttir, Geirlaug Þorvaldsdóttir,
Kristín Zoega. Standandi: Sigríður Sigurbergssdóttir,
Þorbjörg Danielsdóttir og Þórey S. Guðmundsdóttir

Ábyrgðarmaður:

Ingveldur Ingólfssdóttir formaður

Auglýsingastjórn:

Öflun ehf

Framkvæmdastjórn BKR skipa:

Ingveldur Ingólfssdóttir formaður,
Þorbjörg Danielsdóttir ritari,
Helga Kristinsdóttir gjaldkeri,
Alda Magnúsdóttir frá Kvenfélagi Ábæjarsóknar,
Laufey Kristjánsdóttir frá Kvenfélagi Bústaðasóknar,
Þórunn Þórarinsdóttir frá Kvenfélagi Breiðholts,
Margrét Leósdóttir frá Kvenfélagi Langholtssóknar.

Stjórn BKR er skipuð ofangreindum aðilum og auk þess einum frá hverju félagi:

Áslaug Brynjólfssdóttir frá Félagi Framsóknarkvenna,
Valgerður Einarssdóttir frá Hringnum, Krístrún Ólafssdóttir
frá Hvítabandinu, Áslaug Friðriksdóttir frá Hvöt
– Félagi Sjálfstæðiskvenna, Hildigunnur Gestsdóttir
frá Kvenfélagi Fjallkonunnar, Sigurborg Bragadóttir
frá Kvenfélagi Fríkirkjunnar, Ása Guðjónssdóttir frá
Kvenfélagi Hallgrímskirkju, Margrét K. Sigurðardóttir frá
Kvenstúdentafélagi Íslands, Sigríður Sigurbergssdóttir frá
Thorvaldsensfélaginu.

Umbrot, útlit og prentvinnsla:

Prentsmiðjan Oddi ehf.



Ávarp formanns

Það eru bjartir og sólríkir sumardagar framundan. Hinn 30. maí n.k. eru liðin níutíu ár frá stofnun Bandalags kvenna í Reykjavík. Bandalag kvenna í Reykjavík er samband fjölmargra og ólíkra félaga kvenna í Reykjavík. Núna eru alls 13 félög innan vébanda bandalagsins. Þeim hefur fækkað síðustu þrjú ár, enda er í nútíma þjóðfélagi mikið áreiti úr öllum áttum, og fólk hefur ekki tíma til að sinna öllum þeim félagsmálum, sem þeir þó óska. Við getum litið björtum augum til framtíðarinnar og vitum að við eigum eftir að efla bandalagið.

Þjóðfélagumræðan í dag snýst mikið um rýran hlut kvenna hvað varðar þátttöku í stjórnmálum og í stjórn fyrirtækja og stofnana. Flestar eru sammála um að breyta þurfi viðhorfum og gömlum gildum samfara breyttum þjóðfélagsháttum. Konur eru tilbúnar en breytingarnar ganga of hægt fyrir sig. Við þurfum að vera öflugar og láta til okkar taka og koma okkar sjónarmiðum og skoðunum á framfæri. Við eigum okkur fyrirmynd sem er frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrum forseti Íslands. Hún er okkur svo sannarlega áskorun um að við erum jafnfærar um að leysa verkefni eins og karlar.

Þegar við lítum til baka á þessum tímamótum til stofnenda bandalagsins þá fyllumst við lotningu og miklu þakklæti fyrir brautryðjendastörf þeirra. Þessar konur þorðu, gátu og vildu. Bandalagið hefur haldið á lofti störfum þeirra í níutíu ár, og vonandi mun framtíðin gera okkur kleift að svo verði áfram. Enda eiga þessar frumkvölar það inni hjá okkur.

Markmið bandalagsins í dag eru:

- Að efla kynningu og samstarf aðildarfélaganna
- Að stuðla að aukinni menntun kvenna
- Að vinna að velferðar- og fjölskyldumálum
- Að standa fyrir hvers konar menningar- og fræðslustarfsemi

Öllum þeim er lögðu á sig erfiði og sáu af tíma sínum við útgáfu þessa afmælisrits Bandalags kvenna í Reykjavík, þakkar stjórn BKR af alhug.

Ingveldur Ingólfssdóttir

Formaður Bandalags kvenna í Reykjavík



Kvænnaheimilið Hallveigarstaðir

– tilurð og starfsemi

Þórey Guðmundsdóttir tók saman.

Á aðalfundi Bandalagsins í nóvember 1919 hafði Laufey Vilhjálmsdóttir framsögu um húsbyggingu. Bandalagið var þá ekki aðeins fyrir kvenfélög í Reykjavík heldur náði yfir stærra svæði. Skipuð hafði verið nefnd sem hafði það hlutverk að athuga með lóð og kanna kostnað við að reisa þriggja hæða steinhús sem hentaði félögunum. Áætlaður kostnaður var 150 – 200 þús. kr. Sett var á stofn fjársöfnun en hún gekk mjög hægt.

Árið 1921 var samþykkt að kjósa nýja húsbyggingarnefnd sem í væri einn fulltrúi frá hverju félagi innan Bandalagsins og var Bríet Bjarnhéðinsdóttir formaður nefndarinnar. Árið 1923 tilkynnir Bríet að Alþingi hafið látið Bandalaginu í té, endurgjaldslaust, lóð á Arnarhólstúni undir kvænna- og sé hún talin um 40 þús. kr. virði. Afhending lóðarinnar dróst en að lokum var afhent lóð undir kvænnaheimili við Lindargötu.

Ári síðar er lofað að teikningar skuli gerðar ókeypis hjá húsameistara ríkisins og undirbúningsvinna hafin, en það loforð var ekki haldið.

Enn vantaði fjármagn og í júlímánuði 1925 sendu konur út um allt land ávarp um hlutafjár-söfnun í hlutafélag til byggingar kvænnaheimilis, er síðar hlaut nafnið Hallveigarstaðir (1931). Í ávarpinu var tekið fram að stofnunin ætti að verða miðstöð þar sem allar landsins konur er til Reykjavíkur kæmu gætu átt aðgang að. Þar yrðu 50 – 60 herbergi einkum fyrir utanbæjarstúlkur. Parna gætu þær dvalið lengri eða skemmri tíma, fengið upplýsingar um nám, atvinnu o.s.frv. Nokkrar einstaklingsíbúðir yrðu fyrir konur, kennsluáðstaða og vinnuskóli, jafnvel fullkomin matreiðsluskóli, veitinga- og fundasali, skrifstofur kvennasamtaka, Heimilisiðnaðarfélag Íslands fengi aðstöðu, bókasafn Lestrarfélags kvænna, lestrarsalur og leiðbeiningarstöð heimilanna. Samfara rekstri átti að vera hússtjórnarkennsla og þá jafnframt mat- og kaffisala.

Árið 1928 er rætt um lóðaskipti. Ekki voru allir sammála skiptum.

Krepputímar skulu á þjóðinni en 1934 lá fyrir tillöguuppdráttur um að húsið skyldi reist á tveim lóðum við gatnamót Túngötu og Garðastrætis,

sem þá var orðin eign kvenna í stað Lindargötu sem var seld.

Árið 1945 er hlutafélagið leyst upp og eigendum hlutabréfanna gefinn kostur á að fá bréf sín innleyst eða gefa þau stofnuninni. Mjög fáir urðu til þess að draga út bréf sín. Stofnuð var sjálfseignarstofnunin Kvennaheimilið Hallveigarstaðir og fjáröflunarnefnd safnaði í Hallveigarsjóð t.d. með gjöfum fyrir einstök herbergi, 10 þús. fyrir hvert. Einnig með ágóða af skemmtunum, hlutaveltum, bösurum, blómasölum, merkjasölum o.s.frv. en hlutafénu sem safnast hafði í byggingarsjóðinn var haldið aðskildu.

Árið 1953 fékkst loks fjárfestingarleyfi og þegar Sigvaldi Thordarson fer að teikna, hugsar hann sér 4 hæða hús auk kjallara og þakhæðar. En skipulagsnefnd neitar að samþykkja teikninguna.

Eigendur Túngötu 16 mótmæla byggingunni og hóta lögbanni á hana og loks árið 1959 kveður Hæstiréttur upp dóm að greiða skuli eigendum Túngötu 16 stóra fjárhæð og teikningum Sigvalda breytt.

Einar Sveinsson og Sigmundur Halldórsson unnu teikningarnar en upphaflegi arkitekt hússins, Sigvaldi Thordarson, andaðist áður en húsið var komið upp og Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt tók við af honum.

Vegna mikilla fjárhagsörðugleika varð að breyta upphaflegum hugmyndum um kvennaheimili.

Dráttur á að hefja framkvæmdir, gallar á byggingunni og gjaldprot byggingaraðila rýrðu sjóðina sem til voru og reksturinn fyrstu árin var sífellt basl. Var því af óviðráðanlegum orsökum tekið að leita eftir leigjendum.

Kvenskátar, Húsmæðrafélag Reykjavíkur, Kvenfélagasambandið og Kvenréttindafélagið voru fyrstu kvennasamtökin sem leigjendur.

Framkvæmdabankinn og Efnahagsstofnunin ætluðu að taka mestan hluta hússins á leigu en það gekk ekki eftir.

Árið 1966 fær Borgardómaraembættið leigusamning til 12 ára með endurskoðunaheimild á þriggja ára fresti og forkaupsrétti ef selt yrði.

Vígsla hússins fór fram 19. júní 1967 með list-sýningu á verkum íslenskra kvenna. Sýnd voru verk eftir 27 konur, málverk, höggmyndir, listvefnaður og leirmunir. Framkvæmdanefnd byggingarinnar óskaði eftir að við rekstrinum tæki stjórn sem Kvenfélagasamband Íslands, Kvenréttindafélag Íslands og Bandalag kvenna í Reykjavík skipaði og að þessir þrír aðilar teldust jafnframt aðilar að sjálfseignarstofnuninni Kvennaheimilið

Hallveigarstaðir. Það gerðist 24. janúar 1968. Við afhendingu hússins var samþykkt reglugerð fyrir Hallveigarstaði.

Þar segir meðal annars að tilgangur stofnunarinnar sé að reka húseignina fyrst og fremst sem aðsetur kvennasamtaka og til styrktar þeirri menningar- og mannúðarstefnu sem kvennasamtök gangist fyrir. Þegar skuldum sé lokið skuli helmingur hreins ágóða verða eign stofnunarinnar en hinn helmingurinn skiptast á milli rekstrar- aðila að jöfnu.

Þessi reglugerð hefur gengið nokkuð eftir.

Þessi samtök hafa síðan haft aðsetur sitt og starfsemi í húsinu, þ.e. skrifstofur, geymslur og fundarsal, sem einnig er leigður út fyrir samkvæmi.

Eins og áður er minnst á leigði Borgardómaraembættið tvær hæðir hússins til 1992 en 1. nóvember það sama ár flutti Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurmæmis í húsið. Nú síðustu ár hafa leigjendur verið Kvikmyndasjóður, Göthe stofnunin, Arkitektar og Verkfræðingar svo og Kanadíska sendiráðið. Heimspekisalurinn er leigður sem smáíbúð og húsvörður hefur íbúð.

Á stundum hafa verið uppi raddir um að selja húsið þegar illa hefur árað og erfitt að fá leigjendur, en til þess þarf samþykki allra aðila, þ.e. KÍ, KRFI og BKR.

Á ferðalagi mínu fyrir nokkrum árum til Færeyja bilaði bíllinn sem við vorum með. Ungur piltur sem varð á vegi okkar, svaraði fyrirspurnum okkar á þann veg að hann héldi að „tað gæti verið að hann (bífélavirkinn) bæri audnu til að auga tetta“.

Ég vil gera þessi orð að mínum og óska þess að samtökin sem nú reka sjálfseignarstofnunina Kvennaheimilið Hallveigarstaði „beri audnu“ til að gera svo um langa hríð.

Heimildir:

Saga Bandalags kvenna í Reykjavík 1917–1977, eftir Sigríði Thorlacius, 1983;
Grein Laufeyjar Vilhjálmsdóttur úr tímaritinu Hlín, 1950;
Margar hlýja hendur eftir Sigríði Thorlacius, 1981
Úrdráttur á jólakorti 1992 frá Áslaugu Brynjólfsdóttur.

Starfsmenntunarsjóður ungra kvenna

Samantekt; Kristín Zoëga.

Í tilefni af 90 ára afmæli Bandalags kvenna í Reykjavík er blað þetta tileinkað Starfsmenntunarsjóði ungra kvenna. Bandalag kvenna í Reykjavík stofnaði sjóð þennan, þann 18. mars, 1995.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja og efla ungar konur til frekara náms og til sjálfshjálpar. Einkum eru þetta ungar einstæðar konur með börn, sem einhverra hluta vegna hafa þurft að hætta námi á sínum tíma. Dyngjan og Kvennasmiðjan tengjast þessu markmiði og gegna svipuðu hlutverki til sjálfshjálpar eins og fram kemur í greinum hér á eftir.

Enginn vafi er á að aukin menntun gefur meiri möguleika á betur launuðu starfi og bættri afkomu. Hér á eftir verður gerð grein fyrir tilurð starfsmenntunarsjóðsins.

Frá upphafi, hefur hlutverk Bandalags kvenna í Reykjavík, verið meðal annars að styrkja og efla þroska kvenna og uppeldi barna. En tilurð þess að Bandalag kvenna í Reykjavík stofnaði starfsmenntunarsjóð ungra kvenna var rannsókn sem Rauði kross Íslands gerði árið 1994 á félagslegum aðstæðum nokkurra hópa í íslensku samfélagi. Þar kom í ljós að ungar og lítt menntaðar einstæðar mæður sem ekki höfðu atvinnu voru verst settar í þjóðfélaginu. Þær virtust hafa litla möguleika á að breyta hag sínum. Þessi könnun var kynnt í Ríkisútvarpinu í þættinum „Samfélagið í nærmynd“.

Tvær kannanir hafa verið gerðar síðan á vegum Rauða kross Íslands, 1999 og árið 2000. Í báðum þessum könnunum kemur í ljós að ungar ómenntaðar einstæðar mæður standa höllum fæti. Fjárhagsstaða þessa hóps er slæm vegna lágra launa, fyrirvinnan er ein og kvenkyns og getur illa bætt við sig aukavinnu vegna barna. Atvinnuleysi er algengara hjá þessum hópi og

þess vegna lenda þessar konur oftast í félagslegum og efnahagslegum vítahring.

1994 vekur Magðalena Ingimundardóttir, frá Thorvaldsensfélaginu, stjórnarkona Bandalagsins, athygli á þessu máli innan stjórnarinnar og veitir því fyrir sér hvað hægt sé að gera. Þetta fékk góðan hljómgrunn innan stjórnarinnar. Ákveðið var að stofna sjóð á vegum Bandalagsins. Tilgangur sjóðsins skyldi vera að hvetja og styrkja ungar konur til að afla sér menntunar. Því að eins og allir vita þá gefur aukin menntun möguleika á betra starfi og betri afkomu.

Um vorið 1994 stóð Bandalagið fyrir vorfagnaði að Hótel Sögu. Fjölmenni var og samkoman í alla staði velheppnuð. Skilaði fagnaðurinn góðum hagnaði. Þá var ákveðið að nýta þá peninga til að stofna starfsmenntunarsjóð ungra kvenna.

Stofnfé var ákveðið 100.000 krónur. Í dag er höfuðstóllinn 500.000 krónur en samkvæmt reglum sjóðsins má hann ekki verða minni. Afla ætti fjár til sjóðsins með frjálsum framlögum, söfnunum og gjöfum.

Um haustið var haldinn formannafundur Bandalagsins í Borgarnesi þar sem tillagan var rædd. Niðurstaðan var sú að meiri hluti fulltrúa samþykktu að styðja hana. Undirbúningsnefnd var stofnuð en í henni voru, Berta Kristinsdóttir, Erla Þórðardóttir og Þórey Guðmundsdóttir, formaður Bandalagsins. Þessi nefnd sá um að semja tillögu um stofnun starfsmenntunarsjóð ungra kvenna og greinargerð með henni. Tillagan var lögð fyrir ársþing Bandalagsins 18. mars 1995 og samþykkt þar. Þá var einnig samþykkt skipulagskrá og fyrsta stjórn starfsmenntunarsjóðs var kosin en hana skipuðu þær Þórey Guðmundsdóttir, formaður, Svanlaug Á, Árnadóttir, ritari og Erla Þórðardóttir, gjaldkeri.

Fyrsta úthlutun úr starfsmenntunarsjóði var á haustdögum 1996 og voru styrkir afhentir á jólafundi Bandalagsins þann 28. nóvember. Þá hafði sjóðurinn til umráða kr. 300.000. Styrkþegar voru fimm og komu úr jafnmörgum starfsgreinum eða iðnhönnun, ferðamálanámi, sálfræðinámi, snyrtifræði og símsmiði. 22 umsóknir bárust.

Fram að þessu hafa verið veittir styrkir til 68

kvenna. Ávallt hefur verið vandasamt að velja þær konur sem skyldu hljóta styrk. Auglýst hefur verið eftir umsóknum með einni auglýsingu í Morgunblaðinu. Töluvert fleiri umsóknir hafa borist en hægt hefur verið að sinna. Augljóst hefur verið á umsóknum að viðkomandi voru í brýnni þörf fyrir aðstoð, en því miður hefur ekki verið hægt að sinna öllum.

Starfandi er fjáröflunarnefnd starfsmenntunarsjóðsins, en sú nefnd hefur unnið mikið starf undir styrkri stjórn Bertu Kristinsdóttur formanns nefndarinnar og að öllum öðrum ólöstuðum ber formaður nefndar allan þunga og hita af starfseminni. Nefndin hefur það verk að afla fjár til sjóðsins með kaffiveitingum á fundum, happdrætti á jólafundum Bandalagsins og flóamörkuðum.

Ekki má gleyma þeim aðildarfélögum sem hafa látið fé af hendi rakna til sjóðsins. Til dæmis hefur Kvenfélagið Fjallkonurnar gefið peningaupphæð undanfarin ár til minningar um fyrverandi formann sinn Jóhönnu Gunnarsdóttur. Þá hefur Thorvaldsensfélagið í tvígang í tilefni af afmæli sínu gefið samtals eina og hálfa milljón króna til sjóðsins. Sjóðurinn hefur einnig notið velvildar og styrkja ýmissa fyrirtækja og stofnana sem er ómetanlegt. Nú síðast í desember gaf Góði hirðirinn hjá Sorpu eina milljón sem Berta veitti viðtöku fyrir hönd sjóðsins. Fyrir þennan velvilja í garð styrktarsjóðsins færir Bandalag kvenna í Reykjavík öllum miklar þakkir.

Í stjórn starfsmenntunarsjóðs eru eftirtaldar konur:

- Ingvaldur Íngólfssdóttir, formaður BKR, formaður nefndar.
- Berta Kristinsdóttir, Kvenfélag Fríkirkjunnar
- Helga Kristinsdóttir, Thorvaldsensfélagið

Í fjáröflunarnefnd eru eftirtaldar konur:



Berta Kristinsdóttir

- Berta Kristinsdóttir, Kvenfélag Fríkirkjunnar, formaður nefndar.
- Dagný Gísladóttir, Thorvaldsensfélaginu.
- Lára Margrét Gísladóttir, Thorvaldsensfélaginu.
- Hrefna Magnúsdóttir, Thorvaldsensfélaginu.
- Ágústa Sigurjónsdóttir, Kvenfélagi Fríkirkjunnar.

Styrkþegi úr Starfsmenntunarsjóði ungra kvenna



Þegar ég var um 10 ára var ég mjög ráðvillt og reið og þráði lausn inn í mitt líf. Þannig að þegar ég var kynnt fyrir vímuvaldandi efnum þá urðu þau „minn besti vinur“

11 ára fór ég af heimili mínu á Siglufirði og gerðist götubarn í Reykjavík. Þar stoppaði skólaganga mín. Þar með vantaði mig þann grunn til menntunnar.

Í mörg ár var ég í daglegri neyslu eiturfylla og taldi öruggt að ég kæmist aldrei út úr því líferni.

Þegar ég var orðin 22 ára náði ég að stemma stigu við neyslu mína, hætti allri neyslu og breytti lífsháttum mínum, ég hef verið edru í rúm 13 ár núna. Á þeirri göngu hef ég haft sterka löngun til að hjálpa öðrum sem hafa fetað sama veg og ég eða einhvern hluta af honum. Eins hafði ég ávallt þráð að ganga menntavegin og urðu þessir tveir draumar samferða.

Skólaganga mín var ekki upp á marga fiska þar sem ég varð að hætta í skóla ellefu ára gömul vegna veikinda minna og neyslu. Þetta er aðalástæða þess hversu sein ég hef verið að ná mér í stúdentshúfuna. Skólaganga mín hafði verið lítil sem enginn þar til ég hóf nám í Fjölbraut Ármúla 2003 en til þess að komast í gegnum það nám þurfti ég að leita mér aðstoðar með fjármálin.

Námið var ekki lánshæft og var það mikil hjálp fyrir mig að fá styrk hjá Bandalagi kvenna í Reykjavík.

Ég lauk einnig námi við Ráðgjafaskóla Íslands í desember 2005 og fékk ég styrk hjá Bandalagi kvenna til að greiða það nám að stórum hluta.

Ég starfa í dag sem áfengis og vímuefnaráðgjafi hjá Foreldrahúsi sem er á vegum vímulausrar æsku og er nám mitt nú þegar að skila sér í því starfi. Eins hef ég hug á að fara í frekara nám við Háskóla Íslands.

Áhugi minn á að vinna með öðrum hefur aukist og vil ég gera allt sem ég get til þess að vera fær til þess starfs og hef þar með tekið þá ákvörðun um að sækja mér stöðugrar endurmenntunar ásamt því að stefna á nám við Guðfræðideildina.

Með hlýjum kveðjum og miklu þakklæti
Dána Ósk Óskarsdóttir

Lítill fræ geta borið stóran ávöxt

Póra Bryndís Þórisdóttir



Fyrir allnokkrum árum síðan stóð ég á krossgötum í lífinu vegna heilsubrests. Þegar öll sund virtust lokuð rétti Bandalag kvenna í Reykjavík fram hlýja hjálparhönd sem yljarn.

Heilsan lætur undan

Flestir kannast við byrjunina, ung kona og ungur maður hittust og urðu ástfangin. Barn kom undir og fæddist, heilbrigt og glatt. Ungu konan var nýlega byrjuð í háskólanámi. Framhaldið er kannski óvenjulegra. Alvarleg stoðkerfisvandamál tóku að hrjá ungu konuna (mig) sem erfitt reyndist að ráða bót á. Vandinn vatt upp á sig. Eftir tvö ár fannst sjúkraþjálfari og meðferðarleið sem hjálpaði og batinn hófst. En hann átti eftir að taka langan tíma og enginn vissi hversu langt batinn mundi ná eða á hve löngum tíma.

Frá upphafi sá ég mér þann kost vænstan að halda áfram námi eins og hægt var. Rökin voru einföld. Ég hafði enga heilsu til að vinna þá vinnu sem ófaglærðum býðst. Gat hvorki setið lengi, staðið lengi né gengið mikið um. Engu lyft, borið eða ýtt.

Hetjusögur fatlaðra

Fram að þessu hafði ég helst kynnst aðstæðum þeirra sem eiga við líkamlega fötlun að stríða í gegnum hetjusögur í dönsku blöðunum. Þar voru á sínum tíma frásagnir af fólki sem vantaði hendur eða var lamað fyrir neðan mitti og sagðist varla finna fyrir því að vera fatlað. Það gæti gert það sem allir aðrir gætu og svo fylgdu myndir af þeim í sérútbúnum bílum þar sem ýtt var á bensínjölf í mælaborðinu eða að skipta um bleyju á barninu sínu með tánum. Með góðri heimilishjálpi og réttum hjálpartækjum virtist lítið mál að vera fatlaður. Fötlun var í mínum huga tæknilegt vandamál sem ég gekk út frá að væri alltaf leyst í hverju tilviki fyrir sig eins og best yrði á kosið í nútíma velferðarríki. Og svo fengi fólk lífeyri til að lifa af. Nú er ég orðin 12 árum vitrari.

Vissulega fékk ég hjálpi. Leikskólapláss snemma, heimilishjálpi einu sinni í viku til að þrifa

og örorkustyrk frá Tryggingastofnun. Hjálpartæki sem hefðu getað aukið úthald og vinnugetu mikið hjá mér reyndist þó útilokað að fá (lánuð, leigð eða styrk til kaupa), og ætla ég ekki að fara út í þær skrátnu reglur sem ég kynntist þegar ég fór að spyrjast fyrir.

Heilsubresturinn hafði mikil áhrif á allt lífið eins og gefur að skilja. Öll íþróttaiðkun var úr sögunni, karateæfingarnar og skokkaði, göngu- og skíðaferðir, ekki hægt að fara út að dansa og hjólið var ekki lengur samgöngutæki. Þau húsverk sem ég gat unnið vann ég á lúshraða og heimsókn til ömmu eða búðarferð gat ekki átt sér stað á sama deginum. Með barnið eins og hálfis árs í kerru bað ég um hjálpi frá skelfdum vegfaranda til að ýta kerrunni upp Bankastræti og upp að Skólavörðustíg. Sennilega hélt hann að þetta væri falin myndavél.

Ótalmargt í samskiptum við lækna og stofnanir sem ég þurfti að standa í á þessum tíma gerði að verkum að ég sagði fullum fetum og segi enn; að missa heilsuna er afar erfitt, en langt í frá eins erfitt og að standa í samskiptum og samningagerðum við „kerfið“ og vera ofurseldur ákvarðanavaldi lækna, nefnda og stofnana. Hvergi var reynt að skoða heildarmyndina. Sem betur fer hafði ég ágætar forsendur til að sjá hana sjálf og sem betur fer gafst ég aldrei upp á að reyna að ná heilsu aftur. Félagslegur bakgrunnur minn var góður og foreldrarnir stóðu sem klettur við bak mér. Án hjálpar frá þeim hefði ég aldrei komist þangað sem ég er stödd nú.

Sortnar í álinn

Eftir nokkur ár urðu hjúskaparslit hjá okkur hjónunum. Góð ráð voru dýr því á þeim tíma var ég með metna 65% örorku og var sem fyrr í nokkrum einingum í Háskólanum. 65% örorka veitir ekki réttindi til tekjutryggingar og upphæðin sem ég fékk mánaðarlega var mjög langt frá lágmarks framfærslumörkum. Ég átti ekki mikið eftir í náminu og var staðráðin í að finna ráð til að geta klárað það.

Fyrsta tilraun var að sækja um námslán. Venjulegur námsmaður þarf að stunda í það minnsta 75% af fullu námi á önn til að fá námslán og fær þá úthlutað í samræmi við þær einingar sem hann lýkur. Öryrki getur hinsvegar fengið námslán út á þær einingar sem hann tekur þó þær séu undir þessum mörkum, þ.e. 30% nám = 30% námslán. En í ljós kom að með orðinu öryrki er aðeins átt við þá sem hafa „fulla“ örorku. Ég gat því ekki fengið nein námslán. Næsta skref var að athuga

með örorkumatið en lækurinn minn sagði að útilokað væri að sækja um fulla örorku á meðan ég væri í hluta námi. Áfram reyndi ég en Félagsmálastofnun sem þá hét sagðist ekki greiða bætur með neinum sem væri í námi sem væri námsláns-hæft sem slíkt.

Ég var alveg að bugast. Hugsaði í forundran; hvað er ég oft búin að heyra setninguna „jafnrétti til náms“? Hvað þýddi hún eiginlega? Allavega var greinilegt að fólki sem á við sjúkdóm eða fötlun að stríða en er með minna en 75% skerta vinnugetu, er meinað að stunda láns hæft nám. Var litið á það sem ótrúlega heimtufrekju af minni hálfu að ætlast til að geta klárað námið?

Birtir til á ný

Í mestu örvinglun sótti ég um styrk hjá Bandalagi kvenna í Reykjavík og var ásamt nokkrum öðrum ungum konum í vanda veittur fjárhagsstyrkur. Fjárhagsstyrkurinn var ekki hár miðað við það sem þurfti til að ná endum saman en hann hjálpaði þó mjög mikið fjárhagslega, það munaði um ALLT. Það sem var mun mikilvægara þó var viðurkenningin og velviljinn. Ég er enn gráti nær þegar hugurinn hvarlar til baka til þessa tíma, af þakklæti og gleði vegna velgjörðarinnar. Hún gaf svo mikið ljós í hjartað og trú á sjálfa mig. Velgjörðin gaf líka trú á mannfólkið í kringum mig og hin lækandi áhrif góðsemi og velvilja. Nokkru eftir þetta fékk ég metna fulla örorku og fjárhagurinn rétti úr kútnum.

Og hér stend ég í dag. Hef verið í 8 ár á vinnumarkaði og unnið störf sem ég hefði ekki fengið nema hafa háskólapróf. Fyrir nokkrum árum lækkaði örorkumatið sem er vel því heilsan hefur styrkst. Ég er í góðu hlutastarfi, gefandi og skemmtilegu starfi sem verkefnisstjóri hjá félagsamtökum og er sem stendur í diplománám í HÍ samhliða því. En ég velti því alltaf fyrir mér inn á milli hversu mörgu ungu fólki er kippt út eins og mér var á sínum tíma og fá ekki þá aðstoð sem þarf til að vinna sig út úr heilsubresti og örorku.

Hjálpin ber ávöxt

Á undanförunum árum hef ég gert mér æ betur grein fyrir því hve félagsamtök eru mikilvægur þáttur í samfélagi okkar og hve stórum hluta framfara og góðra gjörða er þeim að þakka. Að fá að starfa fyrir félagsamtök sem vinna að bættum heimi er afar dýrmætt. En félögin þurfa félagi til að dafna, það vill svolítið gleymast á Íslandi.

Misjafn kostur íbúa landsins og jarðarinnar allrar er ekki eins afstæður og við viljum oft vera

láta. Hver er ekki sinnar gæfu smiður þegar kemur að aðstæðum sem við fæðumst inn í eða heilsu-bresti. Ég þakka innilega fyrir veittan andlegan og fjárhagslegan styrk á erfiðum tíma í lífinu. Ég læt góðvildina „ganga áfram“ til þeirra sem þurfa hennar við eins og ég get. Þakkir til allra sem vinna óeigingjarnt starf í félagsamtökum eða styrkja þau með félagsaðild, öllu samfélaginu til góða.

Áfram Bandalag kvenna!

Starfsmenntunarsjóður ungra kvenna

Örlagarík auglýsing í Mogganum



Árið 2004 hóf ég nám á félagsliðabreit í Borgarholts-skóla eftir að hafa verið á vinnumarkaðnum í nokkur ár. Ég hafði verið að vinna á sambýlum og á leikskóla og langaði til þess að mennta mig á því sviði og fannst því að félagsliðabreitin hlyti að vera nám fyrir mig. Ég fann strax að þetta nám átti mjög vel við mig, mér fannst það mjög áhuga-vert og skemmtilegt en sá svo fram á að þurfa að taka hlé á því til að snúa aftur út á vinnumarkaðinn.

Á þessum tíma var ég einstæð móðir og það að vera í óláns hæfu námi samhliða því að sjá fyrir mér og syni mínum gekk ekki upp fjárhagslega.

Einn daginn rakst ég á auglýsingu í Morgunblaðinu frá Bandalagi kvenna í Reykjavík, þar sem auglýstur var námsstyrkur. Ég ákvað að sækja um og svo skemmtilega vildi til að fékk styrk og gat því haldið áfram að mennta mig.

Ég tel menntun vera afar mikilvæga í nútíma-samfélagi til þess að geta boðið mér og börnum mínum upp á sómasamlega framtíð.

Á þessum þremur árum sem liðin eru frá því ég sá þessa örlagaríku auglýsingu hefur margt gerst. Sonur minn er að verða átta ára, hann er í 2. bekk og gengur mjög vel, ég hef eignast yndislega litla stúlku sem verður eins árs í apríl og síðast en ekki síst er ég að klára námið mitt, í vor mun ég útskrifast sem félagsliði úr Borgarholtsskóla.

Með þakklæti í huga sendi ég kveðjur til BKR
Ester Einarsdóttir

Stutt kynning á tilurð BKR

Samantekt: Oddný M. Ragnarsdóttir, Ingveldur Ingólfsdóttir, Þorbjörg Daníelsdóttir og Þórey S. Guðmundsdóttir

Sá veldur miklu sem upphafinu veldur, segir mál-tækið. Víst á það við um tildrög þess að Bandalag kvenna í Reykjavík var stofnað, en það var 30. maí 1917.

Í fundargerðarbók Bandalagsins segir að í júní árið 1916 hafi Ingibjörg Benediktsdóttir kennari boðað nokkrar konur til fundar í Kvennaskól-anum í Reykjavík til að grennslast um hvort konur í Reykjavík vildu sameinast norðlenskum konum um útgáfu blaðs eða tímarits. Samband norð-lenskra kvenna hafði rætt það mál á fundi vorið áður. Eftir nokkrar umræður voru 5 konur kosnar í nefnd til að athuga málið. Í nefndina voru kosnar Steinunn H. Bjarnason, fyrsti formaður Banda-lags kvenna í Reykjavík, Ragnhildur Pétursdóttir, Ingibjörg Benediktsdóttir, Inga Lára Lárusdóttir og Hólmfríður Árnadóttir.

Í framhaldi af þessu átti nefndin nokkur bréfa-skipti við Halldóru Bjarnadóttur formann Sam-bands norðlenskra kvenna. Niðurstaðan varð sú að ekki gæti orðið úr samvinnu á þeim grundvelli sem norðlenskar konur hugsuðu sér, þ.e. að blaðið yrði gefið út fyrir norðan með styrk frá sunn-lenskum konum. Þá taldi nefndin sig ekki hafa neitt umboð fyrir sunnlenskar konur, þar sem hún var aðeins kosin af fáum konum sem engan félagsskap höfðu myndað sín á milli.

Í desember sama ár hélt nefndin fund í les-stofu Lestrarfélags kvenna og þangað voru boð-aðar Theodora Thoroddsen og Kristín V. Jacobson. Flestar voru konurnar meðmæltar samvinnu um útgáfu blaðs eða tímarits og var talað um fjárföl-un í því skyni, en vegna yfirstandandi styrjaldar hraus mönnum hugur við sívaxandi útgáfukostn-aði og endanleg niðurstaða varð sú að láta málið niður falla að sinni og bíða betri tíma.

Hins vegar var samþykkt tillaga sem Hólm-fríður Árnadóttir flutti um að nefndin mundi beita sér fyrir að koma á sambandi milli allra kvenna kvenfélaga bæjarins svo að konur sem áhuga hefðu á framfaramálum og velferðarmálum þjóð-félagsins ættu auðveldara með samvinnu. Þann 9. mars 1917 var haldinn fundur í húsi KFUM með öllum formönnum kvenfélaga í bænum ásamt meðstjórnendum. Fundarstjóri var Ragnhildur Pétursdóttir. Steinunn H. Bjarnason hafði fram-

sögu um nauðsyn þess að kvenfélög í Reykjavík efndu til sambands sín á milli og vísaði meðal annars til þess sem Björg C. Þorláksson Blöndal hafði skrifað í *Lögréttu* um samband norrænna kvenna. Sambandið hafði haldið fundi í höf-udborgum Norðurlanda og áætlun var að fundur yrði á Íslandi eftir tvö ár. Taldi ræðukona æskilegt að reykvískar konur hefðu þá stofnað samband sín á milli og tækju þær upp samvinnu við Sam-band norðlenskra kvenna. Inga Lára Lárusdóttir lýsti alþjóðasamtökum kvenna og samböndum einstakra landa og las upp lög norrænna kvenna-sambanda. Þá las hún einnig kafla úr ræðum sem fluttar voru á alþjóðþingi í Stokkhólmi þar sem Bríet Bjarnhéðinsdóttir og Björg C. Þorláksson Blöndal voru fulltrúar Íslands.

Í framhaldi af þessum fundi kusu 10 kvenfélög nefndir til að undirbúa málefnið. Bandalagið var síðan stofnað 30. maí 1917 með 9 aðildarfélögum á heimili Hólmfríðar Árnadóttur í Iðnskólanum.

Nú konur voru kosnar í stjórn auk formanns, ein frá hverju félagi.

Steinunn H. Bjarnason var kosin formaður með öllum atkvæðum.

Þessar konur hlutu kosningu:

- Ragnhildur Pétursdóttir (Heimilisiðnaðar-félagið),
- Katrín Magnússon (Hið íslenska kvenfélag),
- Kristín Jacobson (Kvenfélagið Hringurinn),
- Sigurbjörg Þorláksdóttir (Hvítabandið, eldri deild),
- Hólmfríður Árnadóttir (Hvítabandið, yngri deild),
- Kristín Vigfúsdóttir (Kvenfélag fríkirkjusafn-aðarins),
- Laufey Vilhjálmisdóttir (Lestrarfélag kvenna),
- Susie Briem (Thorvaldsensfélagið).

Ætlunarverk Bandalagsins á þessum tíma var:

- 1. Að efla samúð og samvinnu milli félaganna
- 2. Að styrkja sérhvert gott málefni bæjarins og þjóðfélagsins, eftir því sem kraftar leyfðu, einkum þeim sem snertu þroska kvenna og uppeldi barna.
- 3. Að styðja að stofnun slíkra sambanda um landið og myndun alsherjarsambands þeirra á milli.

Frá þessum tíma hafa verið stofnaðir húsmæðraskólar um allt land, sá fyrsti á Blönduósi 1923 og 1942 í Reykjavík við Sólvallagötu 12. Bandalag kvenna í Reykjavík stóð að kaupum á húsinu sem kostaði kr. 100.000 og var það mikil fjárhæð á þeim tíma. Á tímabili tóku ríki og borg að sér rekstur skólans eins og annarra húsmæðraskóla en í dag er BKR samningsaðili milli Hússtjórnarskólans í Reykjavík og ríkisins um rekstur skólans og skipar skólanefnd.

Konur í Bandalagi kvenna í Reykjavík voru einnig frumkvöðlar að byggingu Hallveigarstaða. Árið 1919 hafði Laufey Vilhjámsdóttir framsögu á aðalfundi um byggingu þriggja hæða húss. Það var þó ekki fyrr en áratugum síðar eða 19. júní árið 1967 sem vígsla hússins fór fram.

Stjórn og starfsemi Bandalags kvenna í Reykjavík.

Bandalag kvenna í Reykjavík er aðili að Kvenfélagasambandi Íslands (KÍ) og er því jafnframt í Húsmæðrasambandi Norðurlanda (NHF) og Alþjóðasambandi húsmæðra (ACWW). Aðild að BKR hafa kvenfélög í Reykjavík svo og félög karla og kvenna sem starfa að markmiðum Bandalagsins ef konur eiga sæti í stjórnnum þeirra.

Árið 1977 þegar BKR varð 60 ára hafði félögum fjölgað í 31 og félagsmenn voru um 11000.

Í dag eru 14 aðildarfélög.

Aðildarfélög BKR eru:

- Félag Framsóknarkvenna
- Hringurinn
- Hvítabandið
- Hvöt, Félag Sjálfstæðiskvenna
- Kvenfélag Árbæjarsóknar
- Kvenfélag Breiðholts
- Kvenfélag Bústaðarsóknar
- Kvenfélagið Fjallkonurnar
- Kvenfélag Fríkirkjunnar
- Kvenfélag Hallgrímskirkju
- Kvenfélag Langholtssóknar
- Kvenstúdentafélag Íslands
- Styrkarfélag Vangefinna
- Thorvaldsensfélagið

Markmið BKR nú er:

- 1. Að efla kynningu og samstarf aðildarfélaganna
- 2. Að stuðla að aukinni menntun kvenna
- 3. Að vinna að velferðar- og fjölskyldumálum
- 4. Að standa fyrir hverskonar menningar- og fræðslustarfsemi.

Endurnýjun í félögunum er erfiðari nú en áður þar sem fleiri samfélagslegir þættir bjóðast og útivinnandi konan hefur minni tíma aflögu. Þá er að velja og hafna.

Tækniþróun er hröð og þar með breytast áherslur á markmiðum þó að jafnréttismál og málefni kvenna séu ávallt í brennidepli, enda mikið eftir ógert.

Um starfsemi BKR

Margar nefndir hafa starfað innan bandalagsins og unnið að stefnumálum BKR og framgangi ýmissa mála, bæði einar sér og með öðrum.

Í dag starfa 6 fastanefndir með afmarkað starfsvið. Auk þeirra geta nefndir starfað með stjórn og framkvæmdastjórn BKR í ákveðinn tíma með ákveðið verkefni og skilað síðan af sér þegar því er lokið.



Framkvæmdastjórn, talið frá vinstri:

Helga Kristinsdóttir, Þorbjörg Danielsdóttir, Ingveldur Ingólfssdóttir, Þórunn Þórarinsdóttir, Laufey Kristjánsdóttir og Margrét Leósdóttir. Á myndina vantar Öldu Magnúsdóttur.

Fastanefndir eru:

- Orlofsnefnd húsmæðra
- Stjórn starfsmenntunarsjóðs ungra kvenna
- Fjárflyunarnefnd starfsmenntunarsjóðs ungra kvenna
- Skólanefnd Hússtjórnarskóla Reykjavíkur
- Gleðigjafarnir – nefnd sem sinnir heimsóknum til eldri borgara á elli- og dvalarheimilum með skemmtiatriðum og söng.
- Stjórn og húsnefnd Kvennaheimilisins Hallveigarstaðir.

Fastir liðir í starfsemi BKR eru formannafundir (nú kallaðir stjórnarfundir samkv. nýjum lögum), jólafundir fyrir aðildarfélögin og gesti, þing haldið í mars ár hvert, veittir eru styrkir úr starfsmenntunarsjóðnum og á vorin er farið í gróðurferð í Heiðmörk. Í framhaldi af því er heimsótt eitt hvert kvenfélag í nágrenni Reykjavíkur.

Auk þessa hefur BKR tekið þátt í samstarfs-

verkefnum með KÍ og KRFI t.d. við söfnun til kaupa á tækjum fyrir Landspítalann og til að hjálpa konum í Sarajevo til sjálfshjálpar o.fl.

Í samvinnu við aðildarfélög BKR voru fræðslunámskeið um vímuvarnir fyrir foreldrafélög 11 ára barna í grunnskólum í Reykjavík. Fræðslunámskeið um stjórnunarstörf og félagsmál hafa verið haldin fyrir aðildarfélögin. Skemmtanir hafa verið fyrir aðildarfélögin og ágóði runnið í starfsmenntunarsjóðinn (t.d. Vorkvöld í Reykjavík o.fl.). Skemmti- og menningarferðir farnar til annarra landa, t.d. Rómarferð og ferð til Luxemborgar/Trier o.fl. Á ári bókarinnar voru verðlaun veitt fyrir handrit að barnabók. Haldið var málþing um „Atvinnusköpun kvenna“. Á ári aldraðra var haldin ráðstefnan „Hvað er öldrun“ ásamt Kvenfélagasambandi Hafnarfjarðar. Á umhverfisári var efnt til ráðstefnu um „Manninn í umhverfinu“ og fleira mætti telja.

Ný lög hafa tekið gildi og með þeim er lögð áhersla á virkara starf aðildarfélaganna í stjórnun BKR. Árið 1917 voru konur þá þegar framsýnar og var áhersla lögð á að stofna samband kvenfélaganna í bænum til þess að þær yrðu sterkara afl í þjóðfélaginu og gætu betur haft áhrif á framfararmál og velferðarmál í samfélaginu, eins og segir hér að framan.

Þessi framsýni er enn í gildi og hefur sýnt sig í mörgum samþykktum og ályktunum á aðalfundum og þingum BKR þegar þeim samþykktum hefur verið komið á framfæri á viðeigandi stöðum. Einnig á þeim jákvæðu svörum sem hafa borist ásamt þakklæti fyrir framtakið um mál sem fjölmennt bandalag eins og BKR lætur sig skipta.

Heimildir:

Saga Bandalags kvenna í Reykjavík 1917–1977, Sigríður Thorlacius skráði, útg. 1983

Ársskýrslur BKR

Lög og reglur BKR, 2006



Stórar stelpur,
Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík
Sími: 551 6688, Fax: 557 8620
www.storarstelpur.is



Ásbjörn Ólafsson ehf.

Köllunarklettsvegi 6
104 Reykjavík
Sími 414 1100
Fax 414 1101
www.asbjorn.is



Borgartúni 6, 105 Reykjavík,
Símar: 581-2090 / 581-2030,
Veffang: www.bhm.is



Kringlan 7, Húsi Verslunarinnar, 103 Reykjavík
Sími: +354-568-7305, Fax: +354-568-8306
www.salonveh.is



Kringlunni 7 – 103 Reykjavík
Sími 510 1700 – Fax 510 1717
www.vr.is

Fjórir fyrrverandi formenn Bandalags kvenna í Reykjavík, sem gengdu störfum 1966– 1985 eru látnir

Dr. Guðrún P. Helgadóttir,

formaður BKR 1966–1969



Guðrún fæddist í Reykjavík 19. apríl 1922 og lést 5. júlí sl. 84 ára að aldri. Foreldrar hennar voru Guðrún Lárusdóttir og Helgi Ingværsson, yfirlæknir á Vífilsstöðum.

Guðrún ólst upp á Vífilsstöðum og fór í Menntaskólann í Reykjavík þaðan sem hún lauk stúdentsprófi 1941 og síðar lauk hún kennaraprófi 1945. Hún lauk BA prófi í íslensku og ensku frá HÍ 1949 og doktorsprófi frá háskólanum í Oxford 1968, en ritgerð hennar fjallaði um sögu Hrafns Sveinbjarnarsonar.

Guðrún starfaði sem íslensku kennari við Gagnfræðaskóla Austurbæjar um árabíl, einnig við MR og Kvennaskólann í Reykjavík, en þar starfaði hún þangað til hún gerðist skólastjóri þess skóla 1959. Því starfi gengdi hún í 23 ár.

Guðrún var brautriðjandi í skólamálum og mikil baráttukona. Sérstaklega var hún mikil og góð íslenskukona og talaði sjálf fallett og skýrt mál, svo eftir var tekið.

Eftir Guðrúnu liggja margvísleg rit og greinar bæði um sögu og bókmenntir, auk þess samdi hún margar merkar bækur og gaf út ljóðabókina „Hratt flýgur stund“.

Margvísleg félagsmál lét Guðrún til sín taka og sat í ýmsum stjórnnum og sjóðum. Hún var lengi í stjórn Hjartaverndar og í stjórn Minningarsjóðs Landspítalans og formaður sjóðsins um skeið. Einnig var hún í Félagi kvenna í fræðslustörfum, formaður þar um skeið og síðar gerð að heiðursfélaga. Þá sat hún um hríð í stjórn Þjóðvinafélagsins og var ritstjóri „19. júní“ í fjögur ár.

Þrjár þessara kvenna létust á síðastliðnum sex árum, en ein þeirra fyrir nálega tveim áratugum.

Þessara stórbrotnu heiðurskvenna verður minnst hér lítillega hverrar um sig.

Guðrún gerðist formaður í Bandalagi kvenna í Reykjavík 1966 og gengdi því starfi til 1969. Guðrún segir í viðtali fyrir 20 árum: „Þarna var saman kominn fjöldi félagsvanra kvenna, sem kunnu vel til verka og unnu fádæma vel saman. Það má því segja að andi Aðalbjargar Sigurðardóttur hafi enn svifið yfir vötnum meðan ég stýrði Bandalaginu, þ.e. að konur gætu sameinað kraftana og unnið úr þeim brýnu verkefnum, sem skiptu konur, heimili og almenna hagsmunum mestu. Og til að gera langt mál stutt þá tel ég að tvö mál hafi staðið upp úr öðru á formannstíma mínum í Bandalaginu, annars vegar fjárhagsvandi Hallveigastaða og hins vegar fæðingadeildarmálið“. Guðrún varð stórriddari hinnar íslensku fálkaorðu 1971.

Guðrún var glæsileg kona, sem tekið var eftir hvar sem hún fór. Hún var höfðingi í öllu fasi og framkomu. Hún var afrekskona, því að samhliða því að gegna hinu stórmerka starfi sem skólastjóri Kvennaskólans og hinum ýmsu störfum í félagsmálum úti í þjóðfélaginu var hún einnig móðir þriggja sona. Þeir eru Ólafur Oddson, menntaskólakennari, en Guðrún var gift Oddi Ólafssyni, barnalækni en þau skildu. Guðrún giftist 1949 Jóni Jóhannessyni, prófessor og eru synir þeirra Helgi, dósent og læknir og Jón Jóhannes, dósent og yfirlæknir. Jón eiginmaður Guðrúnar lést 1957 svo að það hefur verið sannkallað þrekvirkni að annast þrjá unga synina og gegna auk þess viðamiklu skólastjórastarfi og þátttöku í

margskonar öðrum störfum. Guðrún giftist 1975 Jóhanni Gunnari Stefánssyni, framkvæmdastjóra, en hann missti hún árið 2001. Að lokum viljum við færa Dr. Guðrúnu P. Helgadóttur einlægar þakkir fyrir frábær störf hennar í þágu Bandalags kvenna í Reykjavík.

María Anna Pétursdóttir,

formaður BKR 1969–1972



María fæddist á Ísafirði 26. desember 1919 og lést 4. sept. 2003, 83 ára að aldri. Foreldrar hennar voru Sigriður Elín Torfadóttir, húsmóðir og Pétur Sigurðsson, ritstjóri sem vann einnig að ýmsum félagsmálastörfum.

María varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1938, cand. phil. frá HÍ 1939 og var á lýðháskóla í Svíþjóð, en síðan fór hún í Hjúkrunarkvennaskóla Íslands og lauk þaðan prófi 1943. Hún var við framhaldsnám í barnahjúkrun í Cleveland og í geðveikrahjúkrun í Providence og fékkst jafnframt við kennslu í Toronto, Kanada á árunum 1943–45. Einnig sótti hún námskeið víðar í Bandaríkjunum og í Kaupmannahöfn.

Hún varð kennari við hjúkrunarkvennaskóla Íslands yfir 20 ára skeið og varð síðan skólastjóri Nýja Hjúkrunarskólans frá því hann tók til starfa 1972 og varð námsbrautarstjóri er námsbraut í hjúkrunarfræðum við HÍ tók til starfa 1976.

María gengdi margskonar hjúkrunarstörfum bæði á Vífilsstöðum og Landspítala, en var lengi í stjórn Hjúkrunafélags Ísl. bæði sem gjaldkeri, ritari og formaður þess frá 1964–74. Hún skrifaði Hjúkrunarsögu og gaf hana út á eigin kostnað 1969.

María tók jafnframt virkan þátt í margvíslegum öðrum félagsstörfum, svo sem í varastjórn Krabbameinsfélagsins og Rauða krossins og sat í stjórn BSRB.

Hún var einnig í aðalstjórn SSN, Samvinnu hjúkrunarkvenna á Norðurlöndum og var í nefnd til að kanna möguleika á framhaldsnámi hjúkrunarkvenna á háskólastigi auk fleiri nefnda á vegum Unesco, HFÍ, SSN, félagsmálaráðuneytisins o.fl.

María var kosin formaður BKR frá 1969–1972. Hún kyntist Bandalaginu frá veru sinni í HFÍ, sem var eitt af félögum Bandalagsins, en bæði

höfðu þessi félög á stefnuskrá sinni að „stuðla að síauknum hollustuháttum, hagsýni, félagslegum þroska og alhliða menningu hvers einstaks heimilis“ eins og segir í viðtali við Maríu fyrir 20 árum síðan. Hún taldi að það væri ekki spurning að þörf væri fyrir kvenfélögin í landinu, því þau gerðu mikið gagn í líknar- og mannúðarmálum og allt það sjálfboðastarf sem þau legðu af mörkum væri ómetanlegt. María var formaður Kvenfélagasambands Íslands 1974 og gengdi því starfi í 8 ár.

María var víðsýn heimskona, greind og sjálfstæð, bæði glaðsinna og skemmtileg. Hún var með bros í auga og það geislaði af henni áhuga, kærleika og góðmennsku fyrir öllu og öllum sem í kring um hana voru. Hún var kona sem lét verkin tala og henni hlotnaðist einnig margskonar heiður. Hún var sæmd Nightingale- orðunni sem er æðsta heiðursmerki hjúkrunar. Hún var einnig gerð heiðursfélagi Hjúkrunarfélags Íslands, en hún var frumkvöðull og störf hennar að hjúkrunarmálum eru ómetanleg. María var gerð að heiðursfélagi í BKR og hún var einnig sæmd hinni íslensku fálkaorðu og stórriddarakrossinum.

María var gift Finnboga Guðmundssyni, útgerðarmanni. Við viljum hér að lokum færa Maríu Önnu Pétursdóttur innilegustu þakkir fyrir einstaklega vel unnin störf í þágu Bandalags kvenna í Reykjavík.

Geirprúður Hildur Bernhöft,

formaður 1972–1976



Geirprúður fæddist 19. júlí 1921 í Reykjavík. Hún lést 15. júní 1987. Foreldrar hennar voru Jón Sívertsen, skólastjóri Verslunarskólans í Reykjavík og kona hans Hildur Helgadóttir Zoega.

Hún ólst upp í Reykjavík og fór í menntaskólann í Reykjavík og varð stúdent þaðan 1940. Að því loknu innritaðist hún í guðfræðideild Háskóla Íslands og lauk þaðan guðfræðiprófi fyrst íslenskra kvenna 1945. Geirprúður var ellimálafulltrúi Reykjavíkurborgar frá 1965 og sat sem varaþingmaður Reykvíkinga á árunum 1973–1978. Gengdi hún fjölda trúnaðarstarfa í félags- og stjórnámum. Hún var formaður Kvenstúdentafélags Íslands 1946–1949 og einnig átti hún sæti í stjórn Rauðakross Íslands.

Hún var lengi í forystusveit sjálfstæðiskvenna,

sat í miðstjórn og gengdi m.a. formennsku í stjórn Hvatar.

1972 gerðist hún formaður Bandalags kvenna í Reykjavík og í hennar tíð var m.a. hafinn undirbúningur að hinu alþjóðlega kvennaári. Hún beitti sér fyrir ýmsum hagsmunum -og velferðarmálum aldraðra, enda hafði hún staðgóða þekkingu á því sviði sem ellimálafulltrúi borgarinnar. Hún mótaði það starfsvið af stórhug og víðsýni.

Það var að hennar ráðum sem salir í kjallara Hallveigarstaða voru leigðir í viku hverri fyrir tómstundastarf aldraðra í Reykjavík.

Í hennar tíð beitti hún sér fyrir umræðum um brýn þjóðfélagsmál, má þar t.d. nefna stjórnarskrármálið.

Fyrir störf sín var hún heiðruð af Bandalaginu á 70 ára afmæli þess.

Geirprúður var stórglæsileg kona, myndarleg, frið sýnum og bar sig vel. Hún var sterk og rökföst kona og átti auðvelt með að fá aðra til að hlusta á orð sín. Hún var vel til forystu fallin.

Geirprúður giftist 1943 og var eiginmaður hennar Sverrir Bernhöft, stórkaupmaður.

Þeim varð fjögurra barna auðið og eru þau: Hildur, húsmóðir, Sverrir Vilhelm, stórkaupmaður, Ingibjörg, hjúkrunarfræðingur og Kristín Edda, sem dó aðeins fimm ára gömul úr erfiðum sjúkdómi.

Geirprúði Hildi Bernhöft eru hér að lokum færðar sérstakar þakkir fyrir frábærlega vel unnin störf í þágu Bandalags kvenna í Reykjavík.

Unnur Ágústsdóttir Schram,

formaður BKR 1976–1985



Unnur fæddist í Valhöll á Bíldudal 15. desember 1915. Hún lést 30. október 2001. Foreldrar hennar voru Jakobína Pálsdóttir, húsmóðir og Ágúst Sigurðsson.

Sautján ára gömul hélt Unnur til Reykjavíkur og hóf þar nám í Tónlistarskóla Reykjavíkur. Hún var framkvæmdastjóri Veggfóðrarans í þrettán ár, en helgaði sig snemma félags- og mannúðarmálum. Ung gekk hún til liðs við Thorvaldsenfélagið og var formaður þess í 20 ár. Aðspurð um það hvað henni hafi þótt vænst um í sambandi við Thorvaldsenfélagið, segir hún í viðtali fyrir 20 árum: „Að geta orðið fólki að liði sem var í vandræð-

um. Mér þykir vænt um mannlega þáttinn í öllu félagsstarfi. Oft var t.d. um viðkvæm mál að ræða, fólki sem þurfti á aðstoð að halda vegna dauðsfalla eða sjúkdóma. Við höfum hjálpað foreldrum mikið að komast með börnum sínum í erfiðar aðgerðir til útlanda. Fljótlega fórum við einnig að styðja barnadeild Landspítala og gerum það enn. Mér þótti líka vænt um þegar félagið stofnaði sjóð 19. nóv. 1975 til að mennta kennara og leiðbeinendur vanheillra barna í tilefni af 100 ára afmæli félagsins.

Við afhentum menntamálaráðherra – Vilhjálmi Hjálmarssyni, tíu milljónir króna“.

Unnur lét einnig önnur félagsmál til sín taka og var félagi í Kvenfélagi Langholtssóknar, Sjálfstæðikvennafélaginu Hvöt og Oddfellowstúkunni Bergþóru.

Unnur var kosin formaður Bandalags kvenna í Reykjavík 1976 og gengdi því starfi í 9 ár og var framkvæmdastjóri Kvennaheimilisins um árabil.

Hún segir jafnframt um formennsku sína í BKR í áður nefndu viðtali: „Það var skemmtilegt að starfa með konum í Bandalagi kvenna. Oftast tókum við fyrir eitt stórt verkefni á hverju ári. T.d. söfnuðum við fyrir taugagreini á ári fatlaðra 1981, en þetta tæki olli byltingu í endurhæfingu á slösuðu og fötluðu fólki. Reyndar var þetta sameiginlegt verkefni allra félaganna innan BKR. Þegar við afhentum Endurhæfingardeild Borgarspítalans tækið kostaði það 110 milljónir króna. Árið áður -1980 - héldum við mjög myndarlega sýningu á listið kvenna að Kjarvalsstöðum. Af öðrum stórum málum sem við fjölluðum um á ráðstefnum man ég eftir stjórnarskrármálinu, skattamálum, fullorðinsfræðslu auk almennra starfa okkar að málefnum kvenna“. Unnur var mikil kvenfrelsiskona og studdi konur í prófkjörum í hvaða flokki sem þær voru og hvatti konur til að styðja aðrar konur. Unnur var stórglæsileg kona og „snarar gáfur og sindrandi persónuleiki, sem voru þín kennimerki“, eins og stúpsonur hennar kemst að orði um hana, eiga sannarlega við um þessa jákvæðu og virðulegu konu.

Fyrsti eiginmaður Unnar var Karl Schram og eignuðust þau dótturina Hrafnhildi Schram, listfræðing. Árið 1967 giftist Unnur Kjartani G. Jónssyni, f. 1912, d. 1991.

Synir hans frá fyrri hjónabandi voru Magnús og Bjarni og reyndist Unnur þeim einstaklega vel.

Að lokum eru Unni Ágústsdóttur Schram færðar sérstakar þakkir fyrir hennar fórnfúsu störf í þágu Bandalags kvenna í Reykjavík.

Hvers virði eru kvenfélögin?

Höfundur: Drífa Hjartardóttir, alþingismaður og fyrrverandi forseti Kvenfélagasambands Íslands.



Það er okkur ávallt hollt að rifja upp störf þeirra kvenna sem stóðu í stafni við stofnun kvenfélaganna á þeim tíma sem Ísland var á meðal fátækustu ríkja Evrópu og líta svo til dagsins í dag, þegar Ísland er orðið meðal þeirra ríkustu. Kvenfélögin hafa átt sinn þátt í því öfluga uppbyggingar- og framfarastarfi ásamt öðrum félagasamtökum og stjórnvöldum.

Við spyrjum okkur hvers virði eru og hafa kvenfélögin verið fyrir íslenskt samfélag? Til að svara þessari spurningu þarf að líta til baka og skoða þann jarðveg sem kvenfélögin og önnur frjáls félagasamtök eru sprottin upp úr.

Á nítjándu öldinni var mikil gerjun í samfélaginu, ekki aðeins hér á landi, heldur um mikinn hluta Evrópu og Bandaríkjanna. Meðal þeirra sem höfðu mikil áhrif voru Fjölnismenn og boðskapur þeirra um endurreisn Alþingis 1843 og áhrif breyttrar stjórnskipunar við lok einveldis í Danmörku.

Andi nýrra tíma sveif yfir vötnum og kenningar um mannúð og bjartsýni lágu í loftinu, ásamt kröfum um þjóðlegt og vandað málfar.

Á þessum tíma voru búnaðarfélög, kvenfélög, ungmennafélög og ýmis framfarafélög stofnuð. Árið 1874 var þjóðhátíð haldin um allt land sem varð fólki hvatning til félagslegrar vakningar.

Stofnun Kvinnaskólanna höfðu mikil áhrif svo og útgáfa kvennablaða.

Upp úr þessum jarðvegi spruttu kvenfélögin hvert af öðru og fyrsta kvenfélagið á Íslandi: Kvenfélag Rípurhrepps í Skagafirði var stofnað 1869, þá Kvenfélag Svínavatnshrepps 1874 og það þriðja Thorvaldsensfélagið í Reykjavík árið 1875 og síðan hvert af öðru og eru þau núna yfir 200 talsins.

Skipulögð barátta kvenna fyrir frelsi, menntun, réttindum og réttlæti setti svip sinn á störf kvenfélaganna. Þetta voru störf brautryðjenda í mörgum framfaramálum sem ríki og sveitarfélög tóku síðan við.

Fyrstu árin fóru að mestu í baráttu fyrir auknu hreinlæti, aukinni menntun fyrir konur svo og

heilbrigðis-, trygginga-, líknar- og menningarmál.

Samstarf kvenfélaga í þágu þjóðar

Kvenfélögin á Íslandi eru fjölbreytt að gerð en öll vinna þau að góðum málefnum hvert á sínum stað og þegar kvenfélögin hafa tekið höndum saman þá hafa þau lyft Grettistaki. Söfnunaráttök fyrir Landspítalann hafa verið stærstu sameiginlegu verkefni kvenna á Íslandi og mun ég gera þessum söfnunum nokkur skil í þessari grein.

Fyrsta söfnunin fór fram 1915, árið sem konur fengu kosningarétt á Íslandi. Það var að frumkvæði KRFÍ og Hins íslenska kvenfélags að konum var stefnt saman til að ræða hvernig nýfenginna réttinda skyldi minnst.

Hér sameinuðust konur úr ólíkum félögum og með gjörólíkar stefnuskrár að einu markmiði. Þetta voru Kvenréttindafélag Íslands, Hið íslenska kvenfélag, Thorvaldsensfélagið, Lestrarfélag kvenna, Hvítabandið, eldri og yngri deildir, Kristilegt félag ungra kvenna, Kvenfélagið Hringurinn, Kvenfélag Fríkirkjusafnaðarins og Verkakvennafélagið Framsókn.

Reykvískar konur héldu mikla hátíð þegar þing kom saman 7. júlí 1915 til að fagna kosningarétti kvenna til Alþingis. Aldrei höfðu sést eins margar þrúðbúnar konur saman komnar á einum stað. Á þessum fundi lýsti Ingibjörg H. Bjarnason því yfir að fyrsta málið, sem konur hygðust beita sér fyrir, væri stofnun Landspítala í þakklætisskyni fyrir veitt réttindi. Vitnaði hún til hins aldagamla hlutverks kvenna, að hjúkra sjúkum og hlynna að öllu því sem væri veikt og ósjálfbjarga. Að stofnun Landspítala hugðust konur vinna annars vegar með því að stofna sjóð í því skyni og hins vegar með því að beita áhrifum sínum um allt land, jafnframt því að fá Alþingi og yfirvöld til þess að sjá til þess að af framkvæmdum yrði.

Sjóðurinn var nefndur Landspítalasjóður Íslands og var eingöngu unnið fyrir fé úr sjóðnum fyrst í stað. Mörg ár liðu og leiddist konum þófið og buðu fram Kvinnalista 1922 til að fylgja málinu eftir og var Ingibjörg H. Bjarnason kosin fyrst kvenna á Alþingi. Hornstein að Landspítalanum lagði Alexandrína drottning Dana. Landspítalinn tók til starfa 1930 og þá var þagað þunnu hljóði um þátt kvenna að tilurð hans.

Árið 1969 fór fram söfnun um allt land á

vegum kvennasamtakanna fyrir Kvennadeild Landspítalans, tildrög að þessari söfnun var til-laga sem kom frá Bandalagi kvenna í Reykjavík um að stækka Fæðingardeildina og koma upp Kvensjúkdómadeild. Almenn fjársöfnun hófst 19. júní 1969 og var söfnunin skipulögð af KRFÍ og BKR í Reykjavík og af KÍ úti á landsbyggðinni. Gengu kvenfélög og einstaklingar ötullega fram í söfnuninni, sem var orðin tæpar átta milljónir króna með vöxtum þegar féð var afhent. Þetta var mikið starf og vel skipulagt og því var síðan fylgt fast eftir við stjórnvöld að þessi framkvæmd drægist ekki úr hömlu. Ég tók þátt í þessari söfnun sem unglingur fyrir Kvenfélagið Seltjörn og minnst með mikilli gleði hve vel gekk að safna og hve mér var alls staðar vel tekið.

Næsta söfnun á vegum kvenfélaganna í land-inu var 1985 en þá fór fram söfnun til tækjakaupa á Krabbameinsdeild Kvennadeildar Landspítalans. Árið 1990 fór fram söfnun á vegum kvenna til tækjakaupa vegna glasafrjögungar meðferðar á Kvennadeild Landspítalans. Kvenfélagið Hringur-inn hefur verið aðal bakhjarl Barnaspítala Hring-sins frá upphafi með ómetanlegum gjöfum til byggingar spítalans og tækja í áranna rás. Öll fjáröflun á vegum Kvenfélagsins Hring-sins hefur runnið til þessa verkefnis. Önnur kvenfélög hafa lagt þeim lið þegar mikið hefur legið við.

Konur hafa komið flestu til leiðar með því að standa saman. Þar má sem dæmi nefna baráttuna fyrir kosningarétti og baráttuna fyrir betri kjörum á vinnumarkaði sem birtist hvað skýrast Kvænnafrídaginn 1975 og aftur 2005.

Kvenfélögin í dag

Hvers virði eru kvenfélögin fyrir íslenskt samfélag og er þeirra þörf í nútíma samfélagi? Geta ekki ríki og sveitarfélög séð um það sem kvenfélögin hafa gert frá upphafi?

Sem kvenfélagskona og sem alþingismaður svara ég báðum þessum spurningum neitandi. Kvenfélögin – eins og önnur frjáls félagasamtök – gegna afar mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi. Á meðan konur vilja starfa saman í félagi og hafa vilja til að koma að góðum málum á svo fjölmörgum sviðum eiga þau rétt á sér. Kvenfélögin á Íslandi eru merkileg menningar- og líknarsamtök og þau verða aldrei gamaldags, því þau spegla samtímamann og þar starfa konur saman hlið við hlið, óháð aldri.

Samstaða hefur skipt sköpum fyrir konur. Konur hafa komið flestu til leiðar með því að standa saman eins og komið hefur fram í þess-

ari grein. Hverju samfélagi er ómetanlegt það framlag sem frjáls félagasamtök leggja til og auðga okkar daglega líf – oft án þess að tekið sé eftir því.

Kvenfélagskonur geta með stolti litið til baka yfir farinn veg, svo mjög hafa þær komið að mörgum og merkilegum málefnum. Í kvenfélög-unum fer fram fjölbreytt félagsstarf. Það eru póli-tísk kvenfélög, kirkjukvenfélög, félög sem sinna mannúðar- og líknarstörfum og almenn félög sem sinna margvíslegum verkefnum.

Eitt er víst að um allt land eru starfandi kvenfélög sem leggja sínum samfélögum lið á ómetan-legan hátt, verkefni sem koma að velferð borgar-anna, frá vöggu til grafar.

Þau samfélög sem hafa á að skipa dugmiklum kvenfélögum eru vel sett. Með störfum sínum innan kvenfélaganna öðlast konur oft sína fyrstu reynslu í félagsmálum, þær taka að sér störf í stjórnnum og nefndum og það eru gerðar ríkar kröfur til þeirra um vönduð og öguð vinnubrögð. Þessi reynsla hefur komið konum vel þegar þær hasla sér völl á öðrum vettvangi.

Þau samfélög þar sem ekki er hefð fyrir frjáls-um félagasamtökum eru mun fátækari en okkar, því þau vantar þessa lýðræðishugsun og vitneskju um mikilvægi þess að hver einstaklingur skiptir máli og í samstarfi við aðra er hægt að lyfta Grett-istaki í líknar- og menningarmálum. Sá sem starfar í félagi gerir sér grein fyrir að hann er mikilvægur hlekkur í langri keðju og að hver hlekkur er jafn mikilvægur.

Í kvenfélögum skapast þau kynni sem verða að vináttu, vináttu kvenna sem hafa lært að starfa saman, styrkja og styðja ef á bjátar og síðast en ekki hvað síst að kunna að gleðjast saman á góðum stundum.

Megi störf kvenna í kvenfélögum halda áfram að blómstra og dafna íslensku samfélagi til heilla.

Heimildir:

Veröld sem ég vil, eftir Sigríði Th. Erlendsdóttur.

Margar hlýjar hendur, eftir Sigríði Thorlacius.

Heimsókn í Dyngjuna

Höfundur: Þorbjörg Daníelsdóttir.

Ég er að leita að húsi númer 21 við Snekkjuvog. Snoturt hvítmálað hús stendur innarlega á lóð, ekkert auðkennt með öðru en þessu götunúmeri. Ég legg bílnum í innkeyrslunni og geng að húsinu. Mæti tveim ungum konum sem spyrja hvort ég sé að leita að inngangi í Dyngjuna. Ég játa því og þær benda á tröppur og dökkbrúna glanslakkaða harðviðarhurð. Ég hringi á bjöllu og til dyra kemur forstöðukona áfangenheimilisins Dyngjunnar, Edda Vilborg Guðmundsdóttir. „Þú rétt misstir af stelpunum, þær voru að fara á hádegisfund,“ segir hún þegar við höfum heilsast. Það var í lagi, því ég var komin til að tala við hana sjálfa um þetta kvennaheimili sem er hið eina sinnar gerðar á öllu landinu. Edda byrjar á því að ganga með mér um húsið, sýnir mér fyrst inn á sína eigin skrifstofu en síðan göngum við um eldhús, búr með frystikistu og tveim ísskápum, inn í stofu með leðurklæddum hornsófa og tveim stólum og sjónvarpi og höldum áfram upp á loft og niður í kjallara. Alls staðar er er skínandi hreint og snyrtilegt. Rými er fyrir fjórtán konur í sex tveggja manna herbergjum og tveim eins manns herbergjum.

„Það er gaman að sjá hvað þessi sömu herbergi geta verið mismunandi eftir því hver er í þeim og alveg merkilegt hvað konurnar gera oft fallett í kringum sig,“ segir Edda með vott af stolti og aðdáun í röddinni.

„Eru stundum börn hérna?“ spyr ég, af því að í einu herbergi sem við gengum í gegnum voru barnaleikföng og lítið borð og stólar. „Já,“ segir Edda. „Það eru yfirleitt alltaf börn hérna, fleiri eða færri. Um helgar er hér ansi líflegt, því þá eru svo mörg börn í heimsókn.“

Leikherbergið þeirra var áður kyndiklefi. Við nýtum hvern kima í húsinu. „Ég sé að það er svo sannarlega þannig og alls staðar er jafn snyrtilegt. Fyrirverandi bílskúr er orðinn að rúmgóðu tveggja manna herbergi og gangurinn niðri er lítill setustofa með eldunarkrók, ætlað mæðrum með lítill börn sem þurfa volga pelamjól og yljaðan barnamat.“

Eftir að Edda hefur gengið með mér um þetta hlýlega og bjarta hús með blóm í gluggum og blúndugardínur, setjumst við inn á skrifstofuna hennar til frekara spjalls.

Ég spyr hvaðan þessar komur komi sem eru þarna, hvernig sé ástatt fyrir þeim og hvað sé gert fyrir þær. Edda segir mér að þetta séu konur á öllum aldri, giftar og ógiftar, öryrkjar og hraustar konur en mjög misjafnlega á vegi staddar eftir áfengis og/eða vímuefnaneyslu. En markmið þeirra sé eitt og það sama; að komast á rétta braut í lífinu, að byggja upp alsgáðan lífsstíl eftir að hafa verið í neysslutengdum í mislangan tíma. Þær koma víðs vegar af landinu og af ýmsum meðferðarstofnunum. Þær staldra við frá þrem mánuðum, sem er lágmark, og upp í eitt ár. Sumar stunda vinnu aðrar eru jafnframt í lækni meðferð vegna örorku eða annarra sjúkdóma og enn aðrar stunda skóla.

Þær undirgangast mjög strangar húsreglur og brot á þeim varðar ekkert annað en brottrekstur. Því miður kemur slíkt fyrir og er það öllum sárt.

Edda segir að í rauninni sé það full vinna fyrir stúlkurnar að byggja upp bata sinn. Þær þurfi að mæta á þrjá AA fundi í viku og á þrjá húsfundi þar sem hver og ein er spurð um líðan og farið í gegnum hvernig gangi, hvort hún hafi eitthvert sérstakt sem hún vilji ræða í hópnum. Á einn þessara húsfunda mætir ráðgjafi frá S.Á.Á. Margar sækja líka eitthvert meðferðarúræði á göngudeild S.Á.Á. í stuðninghópum og áframhaldandi kvennameðferð sem tekur eitt ár.

Ennfremur sinna þær húsverkum, þrifum og þvottum og matargerð. Þessum verkum sjá þær sjálfar um að deila með sér. Edda segir að þær séu margar bráðmyndarlegar í tiltekt og oft mjög góðir kokkar. Þessu miðli þær svo til hinna og svo bætir Edda við. „Þær geta verið mjög góðar og umburðarlyndar hver við aðra og eru oftast mikið að vanda sig að vera til. Þess vegna er allt svo huggulegt í kringum þær.“

Ég spyr hver kosti reksturinn. Edda svarar með því að segja mér aðdraganda þess að þetta heimili varð til. „Þörf fyrir svona heimili hefur lengi verið til, heimili þar sem konur gætu fengið stuðning til að fóta sig í nýju og breyttu lífi að lokinni meðferð og það kom að því að nokkrar konur, sem sumar höfðu eigin reynslu af svona aðstæðum, ákváðu að gera eitthvað í málinu. Þær vildu stofna heimili að erlendri fyrirmynd fyrir konur í bata vegna áfengis- og vímuefnaneyslu. Þær fengu ýmsa sjálfboðaliða til liðs við sig, félag var stofnað sem fékk nafnið KONAN sem síðan



breyttist í Dyngjan, eins og heimilið sjálft heitir og það varð úr að Reykjavíkurborg keypti húsið við Snekkjuvog og 9. apríl árið 1988 var heimilið opnað.“

Stúlkurnar borga hluta af leigukostnaði, en ríki og borg styrkja reksturinn auk þess sem margir velgjörðarmenn styðja við heimilið. Edda nefnir Hvítabandið sem nánast frá byrjun hafi stutt við reksturinn með gjöfum og ýmsu öðru. Af einstaklingum nefnir hún Kristínu Snæfells sem einn helsta hvatamann að stofnun heimilisins og einn sterkastan stuðningsaðilann. Fyrir stóra gjöf frá henni á síðasta ári hafi t.d. verið hægt að kaupa húsgögnin í stofuna og kommóður í herbergin og ýmis tæki. Ef ekki væru þessir velgjörðarmenn væri útilokað að reka heimilið.

Í stjórn Dyngjunnar eru sjö manns, þar af eru tveir frá Hvítabandinu, einn frá S.Á.Á., einn frá Hlaðgerðarkoti, einn frá Velferðasviði Reykjavíkurborgar og tvær konur sem dvalið hafa á heimilinu. Stjórnin heimsækir heimilið einu sinni í mánuði.

Það er greinilegt að vel er haldið utan um þennan rekstur, en það er líka ljóst að vel þarf að halda á málum til að endar nái saman.

Ég spyr Eddu hvað hún mundi vilja gera ef hún hefði næga peninga til umráða.

Hún brosir við en segir svo. “Ég mundi vilja byggja stórt hús með stóru vel búnu eldhúsi og með sér herbergi fyrir hverja stúlku. Ég mundi vilja bæta alla aðstöðu, en þrátt fyrir allt, þá skiptir innra starfið mestu máli. Það starf sem unnið er í húsinu.”

Að lokum vill Edda leggja mikla áherslu á að konurnar sem dvelji á heimilinu séu þar af fúsum og frjálsum vilja. Þær séu þar ekki að skipan eins eða neins og að vilji þeirra allra standi til þess að ná bata. Með þjálfun og samstarfi við meðferðaraðila, trúnaðarkonu og fundarsókn séu þær að undirbúa sig undir það líf sem þær vilja halda áfram að lifa þegar dvöl þeirra á áfangaheimilinu Dyngjunni líkur. Þær vita að hún er mikilvægur áfangi á leið þeirra til betra lífs.



Kvenfélagasamband Íslands sendir Bandalagi Kvenna í Reykjavík innilegar árnaðaróskir í tilefni 90 ára afmælisins og þakkar gott samstarf á liðnum árum.



Handavinna í Hússtjórnarskólanum.

Grein um Kvennasmiðjuna desember 2006

Höfundur: Ella Kristín Karlsdóttir, félagsráðgjafi og deildarstjóri Þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grarfarholts.

Kvennasmiðjan er samstarfsverkefni Tryggingastofnunar ríkisins og Velferðarsviðs Reykjavíkur og hefur hún verið starfrækt með góðum árangri frá árinu 2001. Markmiðið með Kvennasmiðjunni er að styrkja einstæðar mæður, sem ekki hafa verið á vinnumarkaðnum um nokkurt skeið, til sjálfshjálpar. Að auka þeim sjálfstraust og efla þekkingu þeirra á ýmsum sviðum svo þær geti frekar aðstoðað börn sín t.d. við heimanám, hvatt þær sjálfar til að afla sér frekari menntunar, fara út á vinnumarkaðinn og efla félagsfærni þeirra og gera þær að virkum þátttakendum í lýðræðis-þjóðfélagi.

Í byrjun árs 2000 var settur á fót stýrihópur með starfsfólki frá Félagsþjónustunni í Reykjavík og frá Tryggingastofnun ríkisins sem byrjaði á að kynna sér hvað hefði verið gert áður til þess að styðja þessar fjölskyldur. Við sáum að margt gott hafði verið gert en það sem helst skorti að okkar mati var að aðstoðin næði yfir lengri tíma. Úrræðin sem boðið var upp á voru yfirleitt nokkurra vikna námskeið en það er ekki nægjanlegt. Kvennasmiðjan er 18 mánaða alhliða nám en er þó á mörkunum með að vera nægur tími til þessarar alhliða endurhæfingar. Konurnar þurfa algjörlega að breyta um lífsstíl og það tekur sinn tíma eins og allir vita. Við í Kvennasmiðjunni vitum einnig að góðir hlutir gerast hægt.

Í stýrihópi Kvennasmiðjunnar eru 8 manns

tveir fulltrúar frá TR og einn frá hverri Þjónustumiðstöð Reykjavíkur. Stýrihópurinn hittist reglulega og fer yfir mætingar og námsframvindu og skipuleggur starfsemina.

Nemendur sækja skriflega um í Kvennasmiðjuna og þá skrifa þær undir þátttökusamning og áætlun. Stýrihópur Kvennasmiðjunnar tekur afstöðu til þeirra umsókna sem berast.

Í þátttökusamningnum kemur fram áætlun um námstilhögun.

Nám í Kvennasmiðjunni er eins og fyrr segir 18 mánaða langt. Velferðarsvið greiðir kostnaðinn við endurhæfinguna en Tryggingarstofnun ríkisins greiðir konunum endurhæfingarlífeyri. Konur sem taka þátt í Kvennasmiðjunni fá greiddan endurhæfingarlífeyri á meðan þær stunda námið. Áður fengu þær greidda fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg. Konurnar hafa því meira ráðstöfunarfé en ella stundi þær námið við Kvennasmiðjuna. Konurnar eru frá 21 árs til 40 ára og eiga frá einu upp í 6 börn.

Fyrsti hópur Kvennasmiðjunnar byrjaði í apríl 2001. Nú hafa 7 hópar útskrifast, hópur 8 útskrifast í mars 2007.

Námið í Kvennasmiðjunni er þríþætt: Hagnýtt, sjálfstýrkjandi og skapandi og miklar kröfur eru gerðar um að konurnar séu virkar og stundi námið vel.

Allir nemar í Kvennasmiðjunni hafa sinn eigin félagsráðgjafa eða ráðgjafa en þær eiga það sameiginlegt að búa við félagslega erfiðleika. Menntun kvennanna fyrir er venjulega lítil. Margar þeirra hafa ekki lokið grunnskólaprófi og sumar hafa flosnað upp úr framhaldsskóla. Einstaka kona hefur þó lokið framhaldsskóla. Ástæða þess að þær hafa hætt í skóla eru mismunandi. Oftast hefur það verið þannig að þær hafa ekki passað inn í skólakerfið og ekki fengið þá þjónustu og þann stuðning sem þær hefðu þurft. Við komuna í

Kvennasmiðjuna fá þær stuðning vegna námserfiðleika t.d. vegna lestrarörðugleika. Mikilvægt er að styðja þær vel í náminu svo að þær geti aðstoðað börnin sín við heimanám þannig að þau fái jákvætt viðhorf til skólans og menntunar. Námið í Kvennasmiðjunni hefur þetta að leiðarljósi.

Kennslan fer fram á nokkrum stöðum t.d. hjá Námsflokkum Reykjavíkur og Hússtjórnarskóla Reykjavíkur við Sólvallagötu. Hjá Námsflokkum Reykjavíkur læra konurnar í Kvennasmiðjunni hópefli, sjálfstyrkingu, íslensku, stærðfræði, ensku, myndmennt, samskiptahæfni, félagsfræði og fara á fjármálanámskeið. Í Hússtjórnarskóla Reykjavíkur læra þær heilbrigðisfræði, næringarfræði, vörufræði, matreiðslu og handavinnu. Yfir sumartímann er haldið sérstakt sumarnámskeið og er þá farið m.a. í sumarferð og börnin tekin með. Markmiðið er að styðja fjölskylduna til samveru í frístundum og með sumarnámskeiðinu að auka lífsgæði þátttakenda með því að skoða hvað hægt er að gera í frístundum án þess að miklu þurfi að kosta til. Farið er í jóga, dans, gönguferðir, húsdýragarðinn, handmennt og kynningarferð á safn. Þá er farið í líkamsrækt a.m.k. einu sinni í viku.

Nemendur geta haft áhrif á skipulagningu Kvennasmiðjunnar. Áhugi nemenda er kannaður reglulega og síðan er leitast við að koma til móts við óskir þeirra. Nefna má að einn hópurinn óskaði eftir því að fara í heimsókn á Bessastaði. Konurnar tóku sjálfar að sér að skipuleggja heimsóknina. Forseti Ísland tók góðfúslega á móti þeim og átti með þeim góða stund. Einn hópurinn óskaði eftir því að fá námskeið til að hætta að reykja og var komið á móts við þá ósk. Þá hafa hóparnir verið virkir í að undirbúa sumarferðina og sumarnámskeiðið.

Væntingar stýrihópsins eru, auk meiri lífsgæða fjölskyldunum til handa, að nemendur fari

Stýrihópur Kvennasmiðju talið frá vinstri:

Sigríður M. Hermannsdóttir, félagsráðgjafi Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, (Reykjavíkurborg)

Bryndís Ó. Gestsdóttir, félagsráðgjafi Þjónustumiðstöð Breiðholts, (Reykjavíkurborg)

Hulda Gunnarsdóttir, félagsráðgjafi Þjónustumiðstöð Miðbæjar og Hlíða, (Reykjavíkurborg)

Margrét Jónsdóttir, félagsráðgjafi Þjónustumiðstöð Lauga og Háaleitis (Reykjavíkurborg)

Hildur Biering, ráðgjafi Þjónustumiðstöð Vesturbæjar (Reykjavíkurborg)

Ella Kristín Karlsdóttir, deildarstjóri Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts (Reykjavíkurborg)

Kristín Valdimarsdóttir, ritari á TR

Sverrir Óskarsson, félagsráðgjafi á TR



út á vinnumarkaðinn, fari í áframhaldandi nám, fari í áframhaldandi endurhæfingu og í einstaka tilfelli er niður staðan að sækja um örorku.

Námið í Kvennasmiðjunni er einingabært og nýtist til frekara náms eða í starfi og hafa nokkrar konur farið út á vinnumarkaðinn og nokkrar farið í framhaldsnám.

Í 8 hópum hafa 134 konur byrjað nám en 78 útskrifast eða 58%.

Reglulega er lagt mat á verkefnið þar sem þátttakendur eru spurðir um viðhorf sitt til Kvennasmiðjunnar. Kvennasmiðjan hefur fengið jákvæða umfjöllun/ mat frá konunum.

Flest hefur gengið vel en þó verður að segjast að mætingar hafa verið vandamál. Konurnar mæta margar illa og oft of seint. Því miður hefur nemendum verið vísað úr Kvennasmiðjunni vegna lélegrar mætingar.

Þegar konurnar eru spurðar um viðhorf og reynslu á náminu eru ummæli þeirra gjarna eftirfarandi: „Ánægð að vera í góðri vinnu.“ „Hef fengið meira nám“. „Er nú jákvæð og stend með sjálfri mér“. „Kvennasmiðjan kom mér af stað aftur í að vera meðal fólks, ekki hanga bara heima“. „Námið gaf mér aftur áhuga að mennta mig.“

„Ég er sáttari við/ með sjálfa mig og það sem ég hef – ég er í meira jafnvægi.“

„Manni finnst maður hafa meiri möguleika eins og annað tækifæri til að koma sér áfram.“

Þegar nemarnir voru spurðir að því hvort þeir mætu lífsgæði sín meiri eða minni eftir að hafa lokið veru sinni í Kvennasmiðjunni sögðu yfir 90% að lífsgæðin væru meiri.

**Sérstakar þakkir fá
eftirtaldir styrktaraðilar
BKR á þessum tíma-
mótum:**

Reykjavíkurborg,
Forsætisráðuneytið,
Sjávarútvegsráðuneytið,
Fjármálaráðuneytið,
Félagsmálaráðuneytið,
Heilbrigðis- og
tryggingamálaráðuneytið,
Menntamálaráðuneytið,
Umhverfissráðuneytið
Kvenréttindafélag
Íslands



KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS

Hallveigarstöðum
Túngötu 14, 101 Reykjavík
Sími: 551-8156